

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

Um lífeyrissjóðinn

Sjóðurinn er ætlaður starfandi tannlæknum og mökum þeirra. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins. Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands skiptist í séreignar- og sameignardeild. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lýtur eftirliti Fjásmálaeftirlitisins. Landsbankinn hf. hefur umsjón með daglegum rekstri sjóðsins á grundvelli rekstrarsamnings.

Ársfundur sjóðsins 2019

Ársfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands var haldinn þann 17. maí 2019 í útibúi Landsbankans Austurstræti 11. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins.


Á ársfundinum var farið yfir ársreikning sjóðsins fyrir árið 2018. Hrein eign sjóðsins í árslok 2018 nam kr. 5.973.005.598 og hafði hækkað um kr. 367.249.781 frá árslokum 2017. Hrein eign séreignardeildar sjóðsins í árslok 2018 nam kr. 4.574.052.077 og hafði hækkað um kr. 239.513.456 frá árslokum 2017. Hrein eign samtryggingardeildar í árslok 2018 nam kr. 1.398.953.521 og hafði hækkað um kr. 127.763.325 frá árslokum 2017.

Á fundinum voru tveir stjórnarmenn kosnir til þriggja ára. Í framboði voru Margrét Helgadóttir og Sæmundur Pálsson og voru þau sjálfkjörnir. Á fundinum var samþykkt tillaga um breytingu á þóknun til stjórnarmanna, en samkvæmt tillögunni hækka stjórnarlaun um 6%.

Á fyrsta fundi stjórnar eftir ársfund var Sigurgísli Ingimarsson endurkjörinn sem stjórnarformaður.


Fundargerð ársfundarins og ársreikninga sjóðsins má nálgast á vefsvæði sjóðsins www.landsbankinn.is/ltfi

Ávöxtun



*Meðal nafnávöxtun á ári m.v. 30.09.2019

Eignastaða 30.09.2019 - séreignardeild



Upplýsingar um sjóðinn

Sjóðfélögum er bent á upplýsingasíðu lífeyrissjóðsins á vef Landsbankans, þar má finna upplýsingar um rafrænar skilgreinar, prentvænar skilgreinar, eyðublöð, samþykktir sjóðsins, ársreikninga, kennitölur og ýmsar gagnlegar upplýsingar. www.landsbankinn.is/ltfi.

Stjórn sjóðsins

Sigurgísli Ingimarsson, stjórnarformaður, Gísli Vilhjálmsson, varaformaður, Margrét Helgadóttir, ritari, Heiðdís Halldórsdóttir og Sæmundur Pálsson.

Tengiliðir sjóðfélaga

Gústav Gústavsson
beinn sími: 410 6221
gustav.gustavsson@landsbankinn.is
Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf
Landsbankans
Austurstræti 11
155 Reykjavík
sími: 410 4040

Framkvæmdastjóri:

Ólafur Páll Gunnarsson
olafurpall@landsbankinn.is

